



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

## ÍSLANDSMEISTARAMÓT FULLORÐINNA Í KATA 2012

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata var haldið laugardaginn 3.mars, í íþróttahúsi Hagaskóla. Mjög góð þátttaka var á mótinu, um 30 einstaklingar og 13 hópkatalið. Mikil spenna var fyrir keppni í hópkata þar sem margir fyrrum Íslandsmeistarar voru mættir til leiks. Í karlaflokki átti lið Breiðabliks titil að verja og fór svo að þeir Birkir Indriðason, Davíð Freyr Guðjónsson og Heiðar Benediktsson vorðu titil sinn og urðir Íslandsmeistarar í hópkata karla annað árið í röð, eftir að hafa lagt lið Þórshamars.

Í hópkata kvenna var ljóst að nýtt lið myndi verða Íslandsmeistara þar sem lið Akranes sem vann í fyrra var ekki eins skipað. Í úrslitið þá mættust lið Breiðabliks og lið Akranes, en lið Breiðabliks með þær Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Kristínu Magnúsdóttur og Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur stóðu uppi sem sigurvegarar eftir að hafa lagt lið Akranes.

Í kata kvenna mættust í úrslitum sömu keppendur og í fyrra, liðsfélagarnir úr Breiðablik, þær Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir. Aðalheiður átti titil að verja og eftir spennandi úrslitarviðureign stóð hún uppi sem sigurvegari og hampaði því tvöföldum meistaratitli.

Ekki var spennan síðri í karlaflokki enda voru tveir fyrrum Íslandsmeistarar mættir til leiks ásamt meistarnum síðan í fyrra, Magnúsi Kr. Eyjólfssyni úr Breiðabliki. Eftir harða baráttu í undanúrslitum þá voru það Kristján Helgi Carrasco úr Víking og Davíð Freyr Guðjónsson úr Breiðablik sem áttust við í úrslitum, en Davíð Freyr hafði þá áður unnið lærimeistara sinn og fyrrum Íslandsmeistara, Magnús Eyjólfsson. Kristján Helgi Carrasco stóð uppi sem sigurvegari og varð Íslandsmeistari karla í kata. Þegar öll stig höfðu verið lögð saman varð svo ljóst að Breiðablik varð Íslandsmeistari félaga með 21 stig en næsta félag þar á eftir var með 10 stig. Mótsstjóri var Þrúður Sigurðar og yfirdómari Helgi Jóhannesson.



Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Kristján Helgi Carrasco íslandsmeistara í kata 2012.

#### Heildarúrslit:

##### Karlar

1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
2. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik
3. Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. Heiðar Benediktsson Breiðablik

##### Konur

1. Aðalheiður Rósa Harðardóttir Breiðablik
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
3. Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar

#### HÓPKATA

##### Hópkata karla

1. Birkir Indriðason, Davíð F. Guðjónsson, Heiðar Benediktsson Breiðablik
2. Daníel P. Axelsson, Jón Ingi Þorvaldsson, Jónas Kristjánsson Þórshamar
3. Á.Ísak Jónsson, Margeir Stefánsson, Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. Kristján H. Carrasco, Sverrir Torfason, Sindri Pétursson Víkingur

##### Hópkata kvenna

1. Aðalheiður R. Harðardóttir, Kristín Magnúsdóttir, Svana K. Þorsteinsdóttir Breiðablik
2. Eydís Línadal, Valgerður E. Jóhannsdóttir, Hafdís E. Helgadóttir Akranes
3. Helena Montazeri, Nína Ingólfssdóttir, Nadia Kristmannsdóttir Víkingur

### 3. Sólveig Kr. Einarsdóttir, Hekla Helgadóttir, Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar

Heildarstig féлага:

Breiðablik 21

Þórshamar 10

Víkingur 7

KAK 4

KFR 0

Haukar 0